

Ed.

680. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hl. nefndarinnar um afgreiðslu málsins. Vill meiri hl. fella frv., en ég samþykkja það óbreytt. Deila hefur staðið um það hér á landi, hvort leyfa ætti bruggun áfengs öls til neyzlu fyrir landsmenn, og virðist sú stefna hafa verið rikjandi hingað til, að leyfa ekki ölbruggun í þeim tilgangi. Þetta frv. heimilar ekki slíka bruggun öls, heldur eingöngu framleiðslu á áfengu öli fyrir brezka setuliðið, sem hér dvelur. Þær ástæður, sem ríkisstjórnin hafði til að setja bráðabirgðalög um þetta, eru skiljanlegar og réttmætar. Ölbruggun þessi getur veitt rikissjóði álitlegar tekjur og skapar atvinnu í landinu, og hefði þessi leið ekki verið farin, mundi áfengt öl hafa verið flutt inn í landið handa setuliðinu, en hvorki rikissjóður né landsmenn notið góðs af þeim innflutningi. Hér er því eingöngu um fjárhagsatriði að ræða, sem ekki snertir deiluna um framleiðslu áfengs öls fyrir landsmenn.

Hins vegar virðist svo sem meiri hl. hafi hnotið um þetta atriði. Hann er andvígur bruggun áfengs öls fyrir landsmenn og sýnist haldinn af ótta við, að þetta tiltæki ríkisstjórnarinnar muni draga þann dilk á eftir sér, að bráðlega verði leyfð framleiðsla og sala á áfengu öli innan lands. En á þetta verður engan veginn fallizt. Það, sem gerzt hefur, er ekki annað en það, sem allir vissu áður, að hægt er að framleiða hér mjög gott áfengt öl, en spurningunni um það, hvort selja skuli þetta góða öl landsmönnum, samhliða hinum sterku vínnum, sem áfengissalan flýtur inn, og þeirri áfengisblöndu, er hún framleiðir, er ósvarað jafnt fyrir því, þó að þetta frv. verði að lögum.

Af framan greindum ástæðum legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. júní 1941.

Magnús Gíslason.